

Ár 2013, laugardaginn 29. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Landsvirkjunar Power ehf.

I.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun forstjóra Landsvirkjunar Power ehf. heyrir undir kjararáð.

II.

Með bréfi dagsettu 12. júlí 2012 var forstjóra Landsvirkjunar Power ehf. tilkynnt að kjararáð hefði ákveðið að taka fjölda mánaðarlegra eininga hans til skoðunar. Í bréfinu kom fram að meginmarkmið hennar væri að draga enn frekar úr innbyrðis ósamræmi í launum þeirra sem heyra undir kjararáð. Einnig yrði einingaverð hækkað og yrði hið sama og hjá öðrum þeim sem undir ráðið heyra. Mánaðarlegum einingum yrði fækkað á móti. Með bréfinu var forstjóra Landsvirkjunar Power ehf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið í tilefni af fyrirhugaðri launaákvörðun, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Með bréfum dagsettum sama dag var fjármálaráðuneytinu og stjórn Landsvirkjunar Power ehf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í svari fjármálaráðuneytisins dagsettu 13. ágúst 2012 segir að með ákvörðun kjararáðs frá 21. desember 2011 hafi launum þeirra sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009, verið breytt þannig að þau færu sem næst því sem þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Einnig hefði viðmiðunarverð á einingum vegna sama hóps breyst. Einingaverð þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 hafi hins vegar verið óbreytt. Telur fjármálaráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör forstjóra Landsvirkjunar Power ehf.

Í bréfi stjórnar Landsvirkjunar Power ehf. dagsettu 10. ágúst 2012 segir að frá því kjararáð ákvað forstjóranum laun hafi einn af framkvæmdastjórum Landsvirkjunar sinnt samhliða störfum sínum hjá Landsvirkjun starfi forstjóra Landsvirkjunar Power ehf. Hann fái ekki greitt sérstaklega fyrir þau störf og þiggi því einungis laun sem einn af framkvæmdastjórum Landsvirkjunar. Ástæða þessa sé sú að ekki sé mögulegt að ráða sérstakan forstjóra með nauðsynlega menntun, reynslu og þekkingu á því starfssviði sem Landsvirkjun Power ehf. var ætlað á þeim launum sem kjararáð hafi ákveðið forstjóranum á sínum tíma. Óhjákvæmilegt hafi verið að draga verulega úr starfsemi félagsins og hætta við þau framtíðaráform sem uppi voru um aukna verkefnaöflun, einkum erlendis, sem unnið hafði verið skipulega að með góðum árangri og miklar framtíðarvæntingar voru bundnar við. Eingöngu fjórir starfsmenn starfi nú hjá fyrirtækinu. Segir í bréfinu að ólíklegt sé að breyting verði á þessu nema breytingar verði gerðar á launakjörum forstjóra. Að endingu er gerð krafa um að launakjör forstjórans verði færð til fyrra horfs í samræmi við ráðningarsamning.

Með bréfi dagsettu 25. september 2012 fékk forstjóri Landsvirkjunar Power ehf. send bréf fjármálaráðuneytisins og stjórnar Landsvirkjunar Power ehf. til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi forstjórans dagsettu 2. október 2012 er tekið undir bréf stjórnarinnar.

III.

Landsvirkjun Power ehf. hóf starfsemi í ársbyrjun 2008. Verkfræði- og framkvæmdasvið Landsvirkjunar var lagt niður og fluttist til hins nýja félags. Á heimasíðu félagsins segir að tilgangur með stofnun þess sé að taka þátt í hvers konar fjárfestingu á sviði orkumála, þar með talið fjárfestingum í virkjunum og raforkukerfum beint eða óbeint. Landsvirkjun Power ehf. hefur umsjón með undirbúningi og byggingu nýrra virkjana fyrir Landsvirkjun og tók jafnframt yfir eignarhluti Landsvirkjunar í dóttur- og hlutdeildarfélögum sem starfa að ráðgjafar- og fjárfestingarverkefnum erlendis. Félagið starfar að rannsóknnum, sérfræðiráðgjöf og verkefnastjórn á sviði vatnsafls- og jarðvarmavirkjana og háspennuflutningskerfa.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Að auki var einstökum lögum sem varða allmargar stofnanir og opinber hlutafélög breytt til þess að fela kjararáði að ákveða laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra þeirra, þar á meðal forstjóra Landsvirkjunar Power ehf. Jafnframt var svo kveðið á í lögnum, að kjararáð skyldi við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra, eins og kjararáð hefði ákveðið þau.

Hinn 23. febrúar 2010 úrskurðaði kjararáð um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með ofangreindum hætti bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Þar sagði meðal annars að til þess að ná markmiði laga nr. 87/2009 um að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en laun forsætisráðherra og til þess að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega, væri óhjákvæmilegt við ákvörðun launa þeirra sem úrskurðurinn næði til að víkja frá því markmiði kjararáðs að draga úr vægi eininga eins og áður hefði verið stefnt að. Tímabundið ósamræmi myndi því hljóttast á milli sumra þeirra sem hefðu heyrt undir kjararáð og þeirra sem við bættust.

Kjararáð ákvað forstjóra Landsvirkjunar Power ehf. laun hinn 26. apríl 2010. Við ákvörðun mánaðarlegra eininga var gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun hans lækkuðu óhóflega. Í ákvörðuninni kom einnig fram að hún gildi fyrir þann sem þá gegndi starfinu. Jafnframt sagði að búast mætti við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir kjararáð heyra eftir 1. desember 2010.

Með ákvörðun sinni frá 21. desember 2011 breytti kjararáð launum þeirra sem undir ráðið heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald þess með áðurnefndum lögum nr. 87/2009. Með ákvörðuninni var launum breytt þannig að þau færu sem næst því að verða eins og þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Þetta var gert þannig að í flestum tilvikum fjölgaði mánaðarlegum einingum og einingaverð hækkaði. Eining er nú 1% af launaflokki 502-132 í stað 502-126 áður hjá þessum hópi. Þannig dró úr því innbyrðis ósamræmi sem hlaut milli þeirra sem heyrðu undir kjararáð fyrir gildistöku laga nr. 87/2009 og þeirra sem við bættust samkvæmt lögum.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að einingaverð hækki og verði hið sama og hjá öðrum sem undir kjararáð heyra. Um leið fækkar mánaðarlegum einingum að sama skapi. Heildarlaun verða því óbreytt.

Fyrri ákvörðun kjararáðs um aukastörf forstjóra Landsvirkjunar Power ehf. skal óbreytt standa.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001 sem gilda um laun og starfskjör forstjóra Landsvirkjunar Power ehf.

Laun og starfskjör forstjóra Landsvirkjunar Power ehf. skulu því vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2012 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Landsvirkjunar Power ehf. vera samkvæmt launaflokki 502-137, nú 817.392 krónur. Að auki skal greiða honum 66 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs 9. júní 2010.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson